

Hestakerrur, vinnuvélar, bílar, gámar o.fl.

7. gr.

Bannað er að geyma ógangfæra eða númerslausa bíla, gáma, vinnuvélar, óskráðar kerrur, palla eða hliðstæða hluti á svæðinu. Skráðar kerrur og léttikerrur skal geyma á þar til gerðu kerrustæði.

Hundahald á svæðinu.

8. gr.

Gæta skal þess að hundar á svæðinu valdi ekki slysaheytu, fæli hesta eða valdi nágrönnum ónæði. Hundar eiga alltaf að vera undir eftirliti eiganda, sbr. samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ.

Komi í ljós að eigandi hafi ekki stjórn á hundi sínum hvað þessi atriði varðar skal hætta að koma með hundinn inn á svæðið.

Notkun hesthúsa.

9. gr.

Ekki er heimilt að nota hesthús fyrir annað en hesta, hey, félagsaðstöðu og annað sem hestamennsku viðkemur.

Brot og viðurlög.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundum sínum 2. október 1996 og 19. febrúar 1997, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu, 7. apríl 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 239

AUGLÝSING

4. apríl 1997

um staðfestingu á deiliskipulagi á hluta úr Norðurkotslandi, Grímsneshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 4. apríl 1997 staðfest deiliskipulagsupphrátt sumarhúsahverfis, svæði 1, í landi Norðurkots, Grímsneshreppi.

Skipulagsupphráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Grímsneshrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 4. apríl 1997.***Guðmundur Bjarnason.**

Magnús Jóhannesson.